Tilraun nr. 925-12. Yrkjaprófanir á Korpu, Möðruvöllum og Raufarfelli.

Vorið 2012 var sáð til nýrra tilrauna með grastegundir og yrkji. Þar verða prófuð ný norræn yrki, sem komið hafa fram á allra síðustu árum auk nokkurra þeirra yrkja sem eru í eldri tilraunum, alls 29 yrki. Á tilraunastöðvunum á Korpu og Möðruvöllum eru tilraunirnar hefðbundnar reitartilraunir, þar sem uppskera verður mæld, en á Raufarfelli eru minni reitir og fylgst verður með lifun og þekja metin. Þar eru einnig mun fleiri yrki, nánast öll yrkin úr fyrri tilraun frá 2009 auk nýju yrkjanna, alls 59 yrki.

Á Korpu og Möðruvöllum eru eftirtalin 29 yrki.

Tegund	Yrki	Uppruni	Tegund	Yrki	Uppruni
Vallarfoxgras			Axfnoðapuntur		
	Nuutti	Fi		Swante	S
	Tuure	Fi		SW Luxor	S
	Rubinía	Fi	Stórvingull		
	Rhonia	Fi		Karolina	Fi
	GnTi0301	No		Retu	Fi
	LøTi0270 (Gunnar)	No	Hvítsmári ^{*)}		
	SWnTT0403	S		LøKk0014 (Largo)	No
	Tryggve	S		SW Hebe	S
	Snorri	Ís	Rauðsmári ^{*)}		
Hávingull				Saija	Fi
	Valtteri	Fi		LøRk0397-4x (Lasang)	No
	Klaara	Fi		SWÅRk03063	S
	Inkeri	Fi		SW Ares	S
	Vidar	N		Betty	S
	Vinjar	No	Túnsmári ^{*)}		
	SWÅs3072	S		Frida	S
	Minto	S			
	SW Revansch	S			

^{*)} Í hvítsmárablöndu er sáðmagn á ha 7,5 kg vallarfoxgras, 8,5 kg vallarsveifgras og 3 kg hvítsmári, samsvarandi um 40, 35 og 30 % af fullu sáðmagni. Í rauð- og túnsmárablöndum er 8 kg vallarfoxgras, 9 kg hávingull og 4 kg smári á ha, samsvarandi um 40, 30 og 35 % af fullu sáðmagni.

Sáð var á Korpu þann 5. júlí og var áburður við sáningu um 50 kg N/ha í Blákorni. Á Möðruvöllum var sáð 12. júlí og borið á 30 kg N/ha í Blákorni. Reitastærð er 12m² og endurtekingar 3. Allt sáðgresi fór vel af stað, kaffærðist fljótt í arfa. Arfinn var sleginn og hreinsaður af 5. september og leit tilraunin vel út 10. september.

Á Raufarfelli var sáð 28.–30. maí og áburður var um 55 kg N/ha. Reitastærð er 5m², endurtekingar 2.

Tegund	Fj. yrkja	Tegund	Fj. yrkja	Tegund	Fj. yrkja
Vallarfoxgras	15	Stórvingull	3	Rauðsmári	11
Hávingull	10	Vallarsveifgras	2	Hvítsmári	3
Rýgresi	5	Língresi	1	Túnsmári	2
Axfnoðapuntur	3	Blendingar	2	Refasmári	2

Tilraun nr. 924-11. Golfplatargrös, Korpúlfsstöðum.

Sumarið 2011 (27.–28. júlí) var sáð í tilraun með mismunandi tegundir og yrki af golfplatargrös. Sum yrkin skemmdust vegna sveppa haustið 2011 og önnur fóru illa yfir veturinn. Því þurfti að sá í hluta tilraunarinnar aftur. Vegna þessa var ekki hægt að hefja slátt á reitunum eins snemma og til stóð. Seinni part sumars litu flestir reitir nokkuð vel út. Reitunum var gefin einkunn fyrir ýmsa eiginleika einu sinni í mánuði frá vori og fram á haust. Niðurstöður tilraunarinnar verða birtar í fjölritaröð Bioforsk í Noregi ásamt niðurstöðum úr öðrum tilraunum í þessu verkefni.

Tilraun nr. 941-09. Upphitun íþróttavalla, Korpúlfsstöðum.

Árið 2009 var byggð upp aðstaða á Korpúlfsstöðum til að hita upp tilraunareiti með það í huga að flýta því að gróður lifni að vori. Tilraunin var framkvæmd samkvæmt áætlun á árinu 2012.

Niðurstöður verða kynntar í sérstakri skýrslu.

Tilraun nr. 947-11. Prófun á stofnum af rýgresi og festulolium, Korpu.

Norrænt samvinnuverkefni, styrkt af Nordforsk, undir stjórn professors Odd Arne Rognli við UMB (Universitetet for miljø- og biovidenskab). Tilraunir eru í 5 löndum og aðaláhersla er á að meta þekju, vetrar- og frostþol. Alls var sáð 20 liðum í 3 endurtekningum, en strax á fyrsta ári duttu 2 liðir út á Korpu vegna lélegrar þekju. Borið var á að vori um 100 N og eftir fyrri slátt um 50 N hvoru tveggja í (16-15-12). Haustið 2011 var þekja metin og vorið 2012 voru metnar vetrarskemmdir og gefin einkunn 1 – 9, 9 mest. Slegið var 21. júní og 10. ágúst og uppskera mæld á hefðbundinn. Þann 1. október var klipptur 0,5 m² reitur til að meta haustsprettu.

	Sept. 2011 þekja, %	Maí 2012 V.skemmd	Júní 2012 þekja, %	21. júní	Uppskera, t/ha		1. okt.
					10. ágúst	Alls	
<i>Rýgresi</i>							
Birger	90	1,0	100	8,5	2,0	10,5	0,8
Fagerlin	93	1,0	100	8,2	2,2	10,4	0,8
Figgjo	97	2,3	93	5,8	2,1	7,9	1,2
Indiana	93	2,3	93	5,6	3,0	8,6	1,1
Indicus	97	3,0	89	5,4	3,0	8,3	0,9
Ivar	90	1,0	100	7,8	1,7	9,4	0,6
Jaran	93	1,3	96	7,2	1,6	8,8	0,9
Mathilde	97	1,3	100	6,7	1,9	8,6	1,1
Picaro	100	1,7	100	7,9	1,8	9,7	0,9
Riikka	97	1,0	100	7,8	1,9	9,6	0,5
Fenre	90	3,0	93	5,4	2,0	7,4	0,9
<i>Festulolium</i>							
Fabel	83	1,0	96	6,6	2,1	8,7	1,5
Felopa	90	8,3	37	1,6	2,3	3,9	0,7
Hostyn	90	9,0	22	-	-	-	-
Hykor	77	7,0	59	1,7	2,0	3,7	0,9
Paulita	100	9,0	19	-	-	-	-
Perseus	90	6,7	52	3,6	2,4	6,0	0,8
Perun	97	7,5	41	2,2	2,5	4,7	1,8
<i>Stórvingull</i>							
Retu	77	1,0	89	4,9	2,0	6,9	1,0
<i>Hávingull</i>							
Norild	43	1,0	70	3,8	1,5	5,2	0,9
Staðalsk. meðaltals				0,79	0,28	0,76	0,26

Tilraun nr. 948-12. Prófun á stofnum af rýgresi (PPP), Korpu.

Norrænt samvinnuverkefni undir merkjum PPP, Public-Private Partnership for Pre-breeding. Borin verða saman yrki af fjörlæru rýgresi. Sáð var 20 yrkjum í þremur endurtekningum í tilraun á Korpu þann 7. júní 2012. Áburður við sáningu var um 50 kg N/ha í Blákorni (12-5-14). Sáning tókst vel og reitir jafnir. Illgresi var slegið og hreinsað af þann 15. ágúst.

Upprunaland	Yrki	Þekja 1. okt., %	Upprunaland	Yrki	Þekja 1. okt., %
Finnland	Riikka	100	Eistland	Raidi	97
Noregur	Einar	83		Raite	90
	Falk	90	Lettland	Spidola	83
	Fjaler	80		Fagerlin	90
	Trygve	83	Sviss	Arvella	100
Svíþjóð	SW Birger	87		Arvicola	77
	SW Gunne	97		Cavia	90
	SW Irene	100		Premium	100
	SW Leia	83		Salamandra	80
	SW Svea	100	USA	Norlea	87
			Þýskaland	Ivana	93
				Pionero	87

Tilraun nr. 946-11 og -12. Samanburður á hreinu vallarfoxgrasi og sáðblöndum – með og án smára á Korpu og Stóra-Ármóti.

Vorið 2011 voru lagðar út tilraunir með 5 mismunandi sáðblöndur með vallarfoxgrasi og síðan aðrir 5 liðir, þar sem sáð var 60% sáðmagns af grasblöndu og bætt við 40% af rauðsmára og hvítsmára, alls 10 liðir í 2 endurtekningum. Á Korpu tókst sáning vel og reitir nokkuð jafnir að vori.

Sáðmagn er hlutfall af fullu sáðmagni viðkomandi tegundar; vallarfoxgras 20 kg/ha, hávingull og rýgresi 30 kg/ha, vallarsveifgras 24 kg/ha, rauðsmári 12 kg/ha og hvítsmári 10 kg/ha.

Á Stóra-Ármóti er tilraunin í túni og verður einungis fylgst með endingu, þó voru tekin sýni fyrir 1. slátt 2012 úr blönduðu reitunum og greind til tegunda. Á Ármóti var einnig sáð fleiri grasyrkjum í hreinrækt, alls voru liðir 20 í 2 endurtekningum. Reitir eru meðhöndlaðir eins og túnið, sem þeir eru í. Áburður var 144 kg N/ha í Fjölgæði 6, allt borið á að vori og túnið tvíslegið. Sýni til greininga voru tekin 15. júní.

Á Korpu eru áburðarliðir þrír, 60, 90 og 150 kg N/ha, allir liðir fá sama magn af P og K, (30 og 75). Þá voru 2/3 hlutar áburðar bornir á þann 4. maí og 1/3 hluti eftir 1. slátt. Slegið var 2. júlí og 20. ágúst uppskera ákvörðuð og sýni tekin og tegundagreind.

Yrkin eru Snorri (vallarfoxgras), Birger (rýgresi), Kasper (hávingull), Knut (vallarsveifgras), Betty (rauðsmári) og Litago (hvítsmári).

	60 N	Uppskera, t/ha, Korpu		
		90 N	150 N	Mt.
1. Snorri (100)	6,38	7,17	7,69	7,08
2. Snorri + Kasper (50+50)	6,28	6,81	7,66	6,92
3. Snorri + Birger (50+50)	7,81	8,40	9,18	8,46
4. Snorri + Kasper + Birger (40+40+20)	7,10	6,81	7,85	7,25
5. Snorri + Kasper + Birger + Knut (40+20+20+20)	7,06	7,42	8,33	7,60
6. Gras 1 + Betty + Litago (60+20+20)	6,55	6,66	8,17	7,13
7. Gras 2 + Betty + Litago (60+20+20)	7,40	8,55	8,51	8,16
8. Gras 3 + Betty + Litago (60+20+20)	7,18	6,76	7,48	7,14
9. Gras 4 + Betty + Litago (60+20+20)	6,94	7,61	8,26	7,60
10. Gras 5 + Betty + Litago (60+20+20)	6,64	6,55	7,54	6,91
Meðaltal grasblöndur	7,12	7,83	8,39	
Meðaltal smárablöndur	6,75	6,72	7,74	
Meðaltal allra liða	6,93	7,27	8,07	
Illgresi í grasblöndum, %	15	16	14	
Illgresi í smárablöndum, %	18	19	18	
Hlutfall smára, %	8	8	6	
Staðalskekkja meðaltalsins				
Áburðarliðir	0,173			
Sáðblöndur	0,315			
Áburður/sáðblöndur	0,545			

Eins og viðbúið var er uppskera mest við 150 N. Mismunandi er eftir áburði hvernig grastegundunum farnast, þar sem hlutur rýgresis og vallarfoxgrass eykst með auknum áburði, en hávingull lætur undan. Smárin heldur engan veginn sínum hlut og verður áhugavert að sjá hvort það breytist með tíma.

Stóra-Ármóti	Smári, %	Illgr., %		Illgr. %
2. Snorri + Kasper (50+50)	-	26		
3. Snorri + Birger (50+50)	-	1		
4. Snorri + Kasper + Birger (40+40+20)	-	10		
5. Snorri + Kasper + Birger + Knut (40+20+20+20)	-	0	Mt. grasblöndur	9
6. Gras 1 + Betty + Litago (60+20+20)	0,6	18		
7. Gras 2 + Betty + Litago (60+20+20)	0,5	7		
8. Gras 3 + Betty + Litago (60+20+20)	2,9	16		
9. Gras 4 + Betty + Litago (60+20+20)	0,5	26		
10. Gras 5 + Betty + Litago (60+20+20)	0,0	8		
12. Kasper + Betty + Litago (60+20+20)	0,3	19		
14. Birger + Betty + Litago (60+20+20)	0,5	2	Mt. smárablöndur	14

Nokkrum tilraunum með smára eru gerð skil undir kaflanum túnrækt.

Smárayrki eru í borin saman í tilraunum 925-09 og 925-12.

Í tilraun 946-11 eru bornar saman sáðblöndur með vallarfoxgrasi bæði með og án smára.

Tilraun nr. 920-08. Smárablöndur og áhrif nituráburðar, Korpu.

Verkefninu er ætlað að kanna hversu mikinn N-áburð má spara með því að rækta saman blöndur mismunandi gras- og belgjurtategunda án þess að það komi niður á uppskeru. Verkefnið hófst vorið 2008 með sáningu í alls 66 tilraunareiti. Mæld eru áhrif þriggja N-skammta (20, 70 og 220 kg N/ha) á uppskeru og nýtni niturs í mismunandi blöndum af vallarfoxgrasi, hávingli, rauðsmára og hvítsmára samanborið við ræktun sömu tegunda í hreinrækt. Staðaláburður 30 kg P og 60 kg K á ha. Slegið er tvívegis og uppskera er greind til tegunda.

Korpu

	Uppskera, hkg/ha				Illgresi ^{x)} , %			
	2009	2010	2011	2012	2009	2010	2011	2012
<u>Einrækt</u>								
20N	42,9	41,6	26,6	40,5	39	34	27	37
70N	47,4	50,5	37,4	50,6	43	22	28	31
220N	65,7	80,2	62,7	68,7	46	29	38	33
Meðaltal	52,0	57,4	42,2	53,2	42	28	31	33
<u>Blöndur</u>								
20N	57,6	59,3	51,3	64,3	11	2	9	12
70N	68,9	80,8	62,0	69,4	18	3	8	15
220N	81,2	102,2	77,8	85,4	17	1	8	9
Meðaltal	69,2	80,8	63,8	73,0	15	2	8	12
Blöndur umfram einrækt, %								
20N	34	43	96	59	-64	-92	-37	-49
70N	45	60	66	37	-39	-76	-55	-32
220N	28	38	28	27	-53	-94	-73	-66
Meðaltal	35	46	54	38	-52	-87	-55	-49

^{x)} Tegundir, sem ekki var sáð í viðkomandi reit, þ.m.t. illgresi.

Kornrækt og kornkynbætur

Byggtilraunir ársins snerust að stórum hluta um prófun á íslenskum kynbótalínunum. Í stórum reitum voru í prófun og fjölgun 224 íslenskar kynbótalínur – langstærstur hluti í frumprófun – og að auki og til viðmiðunar 2 íslensk yrki og 16 erlend. Þær tilraunir voru gerðar á fjórum stöðum eins og venja hefur verið. Að auki voru erlend hafrayrki borin saman á Korpu.

Tilraunir með korn voru gerðar á Korpu, Þorvaldseyri, Borgarey í Skagafirði og Möðruvöllum í Hörgárdal. Að flestu leyti tókust þær vel. Sáð var í tilraunirnar á bilinu frá 20. apríl til 3. maí og heppnaðist vel. Þurrkur mun hafa sett mark sitt á tilraunina í Borgarey þótt ekki yrði það til stórra skemmda. Vindur barði og braut tilraunir á Möðruvöllum og Þorvaldseyri og sumar tilraunir á Korpu. Tilraunir norðanlands voru allar skornar fyrir hriðina 10. september.

Alls var sáð í 10 tilraunir í þessu verkefni og 984 reiti í vélskurðarstærð, þar af 600 á Korpu.

Tilraun nr. 125-12. Samanburður á byggrykjum.

Sammanburður byggrykja hefur tvennan tilgang. Annars vegar er leitað eftir nýjum erlendum yrkjum, sem að gagni gætu komið í íslenskri kornrækt og hins vegar eru íslenskar kynbótalínur reyndar í sömu tilraunum og erlendu yrkin. Í ár voru 99 línur prófaðar í 2 tilraunum eða fleiri hver. Að auki voru 2 íslensk yrki, 11 erlend og 1 erlend kynbótalína reynd í sömu tilraunum. Auk þeirra tilrauna sem hér eru taldar voru 4 tilraunir á Korpu þar sem eingöngu voru bornar saman íslenskar kynbótalínur og þeim fjölgað til sáningar næsta ár.

Tilraunirnar voru á eftirtöldum stöðum:

Tilraunastaður	Land	Áburður		Sáð	Uppskorið
		kg N/ha	tegund		
Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum	Þo mýri	75	16-7-10	25.4.	7.9.
Möðruvöllum í Eyjafirði	Mö mólendi	75	16-7-10	24.4.	5.9.
Borgarey í Skagafirði	Bo sandur	110	16-7-10	23.4.	4.9.
Korpu í Mosfellssveit	Ko mýri/mólendi	60	16-7-10	1.5.	27.8.

Sáð var með raðsáðvél í allar tilraunir. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m². Tilraunirnar voru skornar með þreskivél. Þá var allur reiturinn skorinn, uppskera vegin, og eitt sýni tekið til að ákvarða þurrefni og kornhlut. Samreittir voru 2 í hverri tilraun. Á Þorvaldseyri voru 42 liðir (yrki og línur), 72 á Möðruvöllum, 78 í Borgarey og 67 á Korpu. Sáðkorn af íslensku línunum hafði allt verið ræktað á Korpu 2011.

Tilraunin á Korpu var tekin ívið fyrr en hinar vegna ágangs gæsa. Á Möðruvöllum lagðist kornið nokkuð, en mismikið eftir yrkjum. Þar og á Þorvaldseyri var kornið brotið og skemmt af vindi. Vindur braut líka og skemmdi tilraunir með kynbótaefnivið á Korpu, en uppskera úr þeim tilraunum er ekki sýnd hér.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd uppskera skráðra yrkja sem voru á fleiri en einum tilraunastað og einnig uppskera af þeim kynbótalínunum sem verið hafa tvö ár í prófun eða meira. Heiti á sexraðayrkjum í töflunni eru skáletruð. Yrkjum er raðað eftir meðaluppskeru, þannig að þau uppskerumestu eru efst. Eins er tilraunastöðum raðað eftir uppskeru frá vinstri til hægri. Raðtala er látin halda sér, það sem í vantar eru kynbótalínur á fyrsta ári í prófun.

Kornuppskera, hkg þe/ha

Röð Yrki	Möðruvöllum	Þorvaldseyri	Borgarey	Korpu	Meðaltal
4. 292-2	67,0	62,3	52,5	–	58,0
8. Elmeri	67,7	57,3	52,2	–	56,4
9. Kunnari	59,6	–	57,0	–	56,2
16. Trym	59,5	57,6	54,2	–	54,5
17. 294-12	61,1	57,2	–	–	54,4
18. x06-130	55,3	–	49,6	53,7	54,3
19. x06-72	67,2	49,4	59,0	44,6	54,2
20. x06-88	–	52,3	51,9	51,2	54,0
21. Pilvi	64,1	–	48,0	–	53,9
22. Tjaldur	63,2	55,9	57,4	38,4	53,9
27. Skúmur	69,5	60,5	37,0	–	53,0
31. Guðmund	58,7	–	50,7	–	52,6
34. Wolmari	49,5	59,0	52,5	48,0	52,4
37. Brage	54,4	57,0	51,0	45,8	52,2
40. 265-41	49,0	–	49,0	53,6	52,0
45. 293-6	56,4	51,9	54,5	40,5	51,5
51. x06-120	–	48,6	52,0	45,2	50,8
55. Judit	58,0	–	46,3	–	50,0
58. Mitja	–	60,7	–	32,5	49,1
59. 265-46	49,5	46,3	–	51,7	48,9
62. x06-49	–	47,2	50,4	40,5	48,2
68. Kría	58,2	59,1	32,7	39,8	47,6
69. x06-149	56,1	50,6	50,6	36,9	47,4
76. Swá03147	–	59,0	43,1	32,3	47,0
84. Olsok	59,9	–	49,1	–	45,5
89. 291-13	45,3	45,2	–	42,9	44,2
97. x05-65	–	45,2	–	33,1	41,6
98. 292-3	52,4	40,1	–	–	40,8
99. x05-59	46,0	50,0	35,4	30,9	40,8
Meðaltal alls	55,6	50,4	46,1	39,2	50,5
Staðalfrávik	7,37	3,58	3,23	6,12	
Fritölur f. sk.	71	41	77	59	

Ýmsar mælingar í næstu töflu undir fyrirsögninni Þroski, eru meðaltal úr öllum tilraununum fjórum. Þroskaeinkunn er summa þúsundkornabyngdar, rúmpyngdar og þurrefnis. Skriðdagur var aðeins skráður í tilraununum á Korpu. Á Korpu var hæðin mæld 27.7.

		Þroski				Korpu	
Röð	Yrki	Þús. korn, g	Rúmp. g/100ml	Þurrefni, %	Þroska- einkunn	Skrið	Hæð, cm
4.	x05-65	42	71	68	181	8	78
11.	x06-120	40	67	70	177	7	80
15.	265-41	39	67	70	176	8	88
23.	x06-130	42	65	69	175	6	85
26.	Kría	42	69	64	175	8	70
31.	x05-59	42	69	64	175	10	75
35.	x06-72	39	64	72	174	8	75
40.	x06-149	40	65	69	174	8	82
41.	292-3	42	65	67	174	–	–
46.	Pilvi	39	63	71	173	–	–
49.	293-6	40	65	68	173	8	70
50.	Judit	40	64	69	173	–	–
52.	Swå03147	44	69	59	173	14	78
53.	292-2	39	64	70	172	–	–
55.	Mitja	44	68	60	172	13	75
56.	Olsok	38	63	72	172	–	–
60.	Elmeri	43	67	62	171	–	–
61.	Trym	40	65	66	171	–	–
62.	x06-88	39	63	69	171	7	80
72.	Wolmari	40	64	67	170	10	82
73.	Brage	37	66	67	170	12	78
75.	265-46	38	64	68	170	10	82
80.	Gudmund	37	63	70	169	–	–
91.	291-13	39	62	68	168	6	88
92.	Tjaldur	35	62	70	167	8	75
96.	Kunnari	38	63	65	166	–	–
104.	294-12	38	66	61	165	–	–
107.	x06-49	40	58	64	162	9	75
110.	Skúmur	34	62	60	156	–	–

Talan í skriðdálkinum táknar fjölda daga frá 30. júní og hæðin er í cm undir ax.

	Þús. korn	Rúmpyngd	Þurrefni	Þroskaeinkunn
Þorvaldseyri	38,3	63,6	74,6	176,5
Möðruvöllum	39,6	64,9	72,0	176,5
Borgarey	41,5	65,0	64,7	171,2
Korpu	37,6	64,0	56,8	158,4
Meðaltal	39,3	64,4	67,0	170,7

Meðaltal þroskaeinkunnar sýnir að kornið hefur nú verið betur þroskað við skurð en nokkru sinni að undanteknu árinu 2004. Það ár var meðalþroskaeinkunn allra staða 176. Nefna má að fyrir utan það að vera hlý voru bæði þessi ár vindasöm og kornið vindbarið fyrir skurð.

Uppgjör á samanburði byggyrkja árin 1996–2012.

Þetta uppgjör var unnið á sama hátt og undanfarin ár. Notað var gagnasafnið, sem fyrir var að viðbættum tilraunum ársins í ár. Þar með eru notaðar tölur frá 17 árum eða frá 1996–2012 að báðum árum meðtöldum.

Samspil stofna og staða hefur verið reiknað sem hending og er ríkjandi í skekkju á samanburði milli stofna. Tilraunum með mismunandi tilraunaskekkju hefur verið gefið mismikið vægi líkt og tilraunir með mikla skekkju hefðu færri samreiti en hinar. Yrkjunum er raðað eftir besta línulegu mati á uppskeru (BLUE). Nákvæmari lýsingu á úrvinnslu er að finna í jarðræktarskýrslum árunna 1994 og 1995.

Sexraðayrkin koma fram í 84 tilraunum í þessu uppgjöri, en tvíraðayrkin 103. Þessir tveir flokkar eru eins og fyrr gerðir upp hvor í sínu lagi, enda raðast þeir á mjög ólíkan hátt eftir tilraunum. Í sameiginlegu uppgjöri hefði skekkjan því orðið úr hófi mikil. Í uppgjöri er sleppt þeim tilraunum, þar sem fokskemmdir höfðu veruleg áhrif á mælda uppskeru.

Alls komu til röðunar 54 tvíraðayrki og 61 sexraða. Niðurstöður fylgja hér í töflu. Látið er hjá líða að nefna ýmsar kynbótalínur, íslenskar og erlendar, sem ekki hafa skilið eftir sig spor og hafa ekki verið ræktaðar utan tilrauna, eins yrki, sem löngu er hætt að nota. Athuga þer samt, að raðtalan er látin halda sér.

Helstu byggyrki í tilraunum 1996–2012

	Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna		Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna
<i>Sexraðayrki</i>							
1. 292-2	55,7	2,87	5	21. Kunnari	49,4	1,51	19
2. 06-130	54,5	2,67	7	22. Elmeri	49,2	2,07	9
3. 250-4	54,1	2,53	8	24. Judit	48,1	1,14	35
4. Wolmari	53,3	2,04	10	25. Pilvi	47,7	1,72	14
5. Tjaldur	53,3	1,67	16	26. Erkki	47,4	1,88	11
6. 06-72	53,1	2,17	9	27. Ven	47,3	0,94	30
7. 06-120	52,7	2,00	10	32. Tiril	46,7	0,98	40
8. 293-6	52,1	1,90	12	36. Olsok	45,3	0,76	64
10. Brage	51,6	2,32	7	40. Jyvå	44,9	1,75	7
11. Trym	51,5	2,37	6	41. Lavrans	44,6	0,84	38
14. Lómur	51,4	1,18	29	47. Arve	43,1	—	68
15. 265-41	51,1	2,18	9	51. Rolfi	42,5	1,04	27
19. Skúmur	50,3	1,01	44	53. Voitto	42,0	2,67	3
<i>Tvíraðayrki</i>							
1. Teista	44,7	0,88	31	31. Skegla	40,1	—	67
2. Kría	44,0	0,70	66	37. Re kyl	39,8	0,93	24
3. 263-9	44,0	1,85	7	38. 96-13	39,7	0,92	29
9. Mitja	42,3	1,29	14	40. Goldenprom	39,4	1,09	17
13. Vilgott	42,0	2,04	5	46. Mari	38,7	1,23	13
19. Saana	41,5	0,86	31	48. Sunnita	38,4	1,04	18
22. Minttu	41,3	1,92	5	49. Filippa	38,3	0,66	71
23. Barbro	41,3	1,21	16	50. Gunilla	37,5	0,93	25

Tilraun nr. 747-12. Hafrar til þroska, Korpu.

Gerð var tilraun á Korpu með hafrayrki til þroska. Sáð var 3.5. og skorið 17.9. Áburður var sem svarar 50 kg N/ha í áburðinum 16-7-10. Samreitir voru 4 og frítölur fyrir skekkju eru 18.

Yrki	Land	Korn hkg þe./ha	Þúsund- korn, g	Rúmþyngd, g/100 ml	Þurrefni, %	Hæð, sm	Skriðdagur í júlí
Haga	Nor	58,1	35	49	64	88	17.
Cilla	Sví	57,4	38	53	72	81	14.
Ringsaker	Nor	54,9	33	51	66	93	16.
Sofiina	Fin	54,1	37	52	75	90	10.
Aslak	Fin	51,2	31	52	73	91	14.
Akseli	Fin	49,7	33	52	70	88	16.
Eemeli	Fin	48,7	38	51	76	84	13.
Meðaltal		53,4	35	51	71	88	14.
Staðalfrávik		4,2	1,7	0,9	1,4	3,5	1,2

Hafrarnir þoldu hvasviðri án áfalla og sum yrkin náðu nánast fullum þroska.

Tilraun nr. 750-12. Fosfór á bygg, Möðruvöllum.

Jafnframt yrkjatilraun á Möðruvöllum var sáð í litla tilraun með svonefndan Avail-fosfór á bygg. Í þeim áburði er fosfór meðhöndlaður þannig að hann brotnar seint niður og ætlunin er að hann sjái plöntunni fyrir fosfór á bygg jafnóðum og hún sprettur. Hugmyndin er að þannig megi spara fosfór á bygg.

Sáð var 24.4., skorið 5.9., byggrykið var Judit, samreitir voru 2. Notaður var áburðurinn Sprettur 20-10-10 með og án Avail. Þroskaeinkunn er summa þúsundkornþunga, rúmþyngdar og þurrefnishluts við skurð.

Áburður N-P-K, kg/ha	Kornuppskera, hkg þe./ha			
	Venjulegur fosfór		Avail-fosfór	
	Uppskera	Þroskaeink.	Uppskera	Þroskaeink.
40- 9-17	56,4	165	55,4	170
60-13-25	56,2	169	57,0	167
80-18-34	63,2	170	61,4	167
100-22-42	67,3	169	63,0	168
Meðaltal	60,8	168	59,2	168

Ekkert af ætluðu hagræði af notkun Avail-áburðar hefur komið fram í þessari tilraun.

Prófun á vetrarhveiti í Austur-Skaftafellssýslu.

Niðurstöður eru í kaflanum um iðnaðarjurtir á bls. 31.

PPP bygg – Samþætting þekkingar frá akri og rannsóknastofu til byggkynbóta.

Verkefnið, sem unnið er í nánú samstarfi helstu plöntukynbótafyrirtækja Norðurlandanna, Nordic Seed, Sejet, Graminor, Lantmännen SW og Boreal auk Lbhí og KU-Science, með styrk frá Nordforsk *Public Private Partnership in Pre-Breeding*, snýst um að prófa efnivið frá öllum aðilum verkefnisins við mismunandi umhverfisaðstæður. Áherslan er lögð á eiginleika sem eru mikilvægir í sambandi við hlýnandi veðurfar og aukna útbreiðslu sjúkdóma.

Á Korpu var tilraun með 180 bygglínur í tveimur endurtekningar. Sáð var 20. apríl í reiti sem voru 3×1,3 metrar. Borið var á um 64 kg N ha⁻¹ og úðað gegn tvíkímblaða illgresi á milli reita. Mæld var hæð þrisvar um vorið (11.–19. júní), og skriðdagur skráður. Fyrir uppskeru var metin lega og þroski og hæð mæld. Uppskorið var 19. september með þreskivél á hefðbundinn hátt. Uppskera var vegin, auk þess sem rúmpýngd, þúsund-kornavigt og þurrefnisprósenta var ákvörðuð. Svipuð tilraun var gerð hjá Sejet nálægt Horsens í Danmörku, en þar voru einnig prófaðir tveir mismunandi áburðarskammtar og sömu eiginleikar skráðir.

Í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og í Danmörk voru tilraunir með sjúkdómaþol og alls staðar var skráður skriðdagur. Allar ræktunartilraunir verða endurteknaðar 2013.

Samhliða útitilraunum voru DNA-sýni greind með SNP-erfðamörkum (iSelect 7K SNP-örflaga). Eiginleikar skráðir í ræktunartilraunum verða svo bornir saman við niðurstöður úr *genome wide association mapping* en sá samanburður mun sýna tengsl milli SNP-erfðamarka og erfðavisa fyrir þeim eiginleikum sem skoðaðir voru. Að því loknu verða þróuð PCR-erfðamörk sem notuð verða til þess að hraða vali á efniviði við kynbætur með aðstoð erfðamarka (*marker assisted selection*).

Sameindakynbætur í byggi

Um er að ræða doktorsverkefni Magnusar Göranssonar við UMB í Noregi og Lbhí. Verkefnið miðar að því að staðsetja og greina erfðavisa sem stjórna flýti með áherslu á norðlægan efnivið. Fræi frá víxluninni Golf×Tampar, alls 179 línum, var fjölgað í gróðurhúsi og í reitum utanhúss á tilraunastöð Landbúnaðarháskóla Íslands á Korpu. Víxlunin sem um ræðir var gerð til þess að rannsaka erfðavisa fyrir skriðdegi í byggi. Tampar er færeyskt byggyrki sem notað hefur verið í bakgrunninn fyrir mörg íslensk byggyrki og er líklegt að erfðavisar þess séu til staðar í byggyrkjum eins og t.d. Skúmi og Lómi. Vorið 2013 verður sett upp tilraun á Korpu til þess að skrá skriðdag í akri fyrir þessar línur.

Tilraunir í samvinnu við Ræktunarfélags Austur-Skaftafellinga

Allar niðurstöður eru birtar í Riti RASK nr. 3, sem nálgast má rafrænt á heimasíðu félagsins, www.RASK.is, en hér verður aðeins greint frá helstu niðurstöðum.

Tilraun nr. 782-11. Vetrarhveiti og vetrarafbrigði af olíujurtum í Austur-Skaftafellssýslu.

Sáð var í tilraunir með tvíærar nytjajurtir á fjórum stöðum í Austur-Skaftafellssýslu sumarið 2011. Sáð var í reitina með sáðvél. Áburðarskammtar við sáningu voru 2. Staðirnir voru Skaftafell í Örfæfum (mólendi), Steinasandur í Suðursveit (jökulsáraur), Tjörn á Mýrum (framræst mýri) og Brekka í Lóni (sandbakki). Sáð var 18.7. á öllum stöðum. Skemmt er frá að segja að hvergi lifði gróður af veturinn nema í Svínafelli. Sú tilraun var skorin með vél 3.10.2012. Samreitir voru 2 og frítölur fyrir skekkju 7 í hveiti en 16 í olíujurtum.

Vetrarhveiti í Svínafelli						
Yrki	Uppskera þe. hkg/ha	Þús. korn g	Rúmp. g/100 ml	Þurrefni %	Proska- einkunn	Legu 0-3
Harnesk	35,2	33	66	60	159	2,0
Kranich	34,7	38	72	63	174	0,0
Magnifik	32,8	42	77	75	193	1,5
Arktika	27,5	32	71	65	168	3,0
60N v/sán.	35,8	37	72	66	176	1,5
75N v/sán.	29,3	35	71	65	171	1,8
<i>Meðaltal</i>	<i>32,6</i>	<i>36</i>	<i>71</i>	<i>66</i>	<i>173</i>	<i>1,6</i>

Vetrarrepja og -nepja í Svínafelli					
Yrki	Uppskera þe. hkg/ha	Þús. korn g	Þurrefni %	Hreint %	
Rohan	24,9	5,3	88	96	
Visby	22,6	5,6	89	97	
SW05052	18,7	5,3	89	97	
Vision	18,5	5,1	82	97	
Galileo	17,1	5,9	90	97	
Largo <i>nepja</i>	14,9	3,3	88	97	
60N	18,2	5,1	88	96	
90N	20,7	5,0	88	97	
<i>Meðaltal</i>	<i>19,5</i>	<i>5,1</i>	<i>88</i>	<i>97</i>	
<i>Staðalfrávik</i>	<i>5,7</i>				

Tilraun nr. 945-12. Einærar tegundir og yrki til olíuframléiðslu, Hoffelli í Nesjum.

Sáð var í tvær tilraunir með einær yrki af repju og nepju í Hoffelli í Austur-Skaftafellssýslu vorið 2012. Sáð var með höndum í 6 m² reiti þann 18.4. Önnur tilraunin – tilraun með mismunandi sáðtíma – eyðilagðist í sandfoki um miðjan maí, hin var yrkjasamanburður og var skorin þann 3.10. Skemmd var hún þó af álftabeit, en þannig að álftin hafði einungis bitið reiti með repju en hafði séð nepjureiti í friði. Áburðarskammtar við sáningu voru 2. Samreitir voru 2 og frítölur fyrir skekkju 23.

Yrki	Uppskera þe. hkg/ha	Þús. korn g	Þurrefni %	Hreint %
Cordelia <i>nepja</i>	10,4	2,5	57	95
Juliet –	10,1	2,3	59	96
Petita –	9,4	2,8	57	91
Tamarin <i>repja</i>	3,1	3,8	43	86
Brando –	1,7	3,1	37	72
Ability –	1,6	3,1	41	79
Marie –	0,9	3,0	36	68
Clipper –	0,7	2,9	34	65
60N	4,9	2,8	46	84
90N	4,6	2,9	45	80
<i>Meðaltal</i>	<i>4,7</i>	<i>2,9</i>	<i>45</i>	<i>82</i>
<i>Staðalfrávik</i>	<i>0,8</i>	<i>0,6</i>	<i>3,9</i>	

Verkefni í kalstofu

Frystir voru sprotar af 25 kvæmum fjallapins í október 2012. Markmiðið er að meta haustfrostþol kvæmanna til að kortleggja vaxtartakt þeirra og varnir gegn haustkali og hugsanlegt samspil við sjúkdómaþol. Vorfrostþol sömu kvæma verður kannað vorið 2013. Frostþolsprófunin er hluti af doktorsverkefni Brynjars Skúlasonar um ræktun fjallapins sem jólatrés.

Frystir voru sprotar smáplantna af sitkagreni og stafafuru. Frystingin er hluti af stöðluðu prófi, s.k. jónalekaprófi, til að kanna hvort smáplöntur séu tilbúnar fyrir vetrargeymslu í frysti eða kæli. Jónalekapróf er hluti af þjónustu Skógræktar ríkisins við plöntuframleiðendur til að tryggja örugga vetrargeymslu plantna.

Frystar voru ertuyglupúpur til þess að kanna hversu mikið frost þær þola. Rannsóknin var unnin af Brynju Hrafnkelsdóttur og er hluti af doktorsverkefni hennar.

Í samvinnu við Búgarð, ráðgjafarþjónustu á Norðausturlandi, var gerð tilraun til að mæla frostþol byggs eftir skrið. Byggyrkinu Skúmi var sáð 15. maí, þremur plöntum í pott og þeir síðan settir í frysti á 10 daga fresti eftir skrið við -2 , -4 og -8°C . Að lokinni tilraun var fjöldi geldra korna metinn á einu axi á hverri plöntu. Uppgjöri er ekki lokið.

Verkefni í fræstofu

Gæðaprófanir á sáðvöru voru með hefðbundnum hætti á Möðruvöllum. Prófanir eru gerðar til að votta spírunarhæfni og hreinleika sáðvöru sem framleidd er hér á landi og ætluð til sölu eða á innfluttri sáðvöru sem hefur úreilt gæðavottorð. Samtals var gert 101 próf á árinu. Einnig er nokkuð um að kornbændur óski eftir spírunarprófunum á heimaræktuðu sáðkorni. Spírun íslenska kornsins 2012 var frá 19–87% (uppskera 2011).

Stofnútsæðisræktun á kartöflum

Stofnræktargarðurinn á Möðruvöllum er um 2000 fermetrar að stærð og er um fjórðungur notaður árlega. Ræktunin er færð til svo unnt sé að hvíla jarðveginn í 3 ár af kartöfluræktun. Ræktað er svokallað úrvalsútsæði, sem fer til þeirra þriggja kartöflubænda sem framleiða stofnútsæði. Eru tveir stofnræktendur í Eyjafirði og einn í Hornafirði. Niðursetningu var lokið 23. maí og upptöku 7. september. Þrátt fyrir þurrka var árangur ásættanlegur og uppskera um 1000 kg í eftirfarandi hlutföllum: Gullauga 640 kg, Helga 35 kg, Premiere 150 kg og Rauðar íslenskar 125 kg.

Úttekt á ræktun nýrra og óhefðbundinna nytjajurta hjá bændum

Á vegum *Félags áhugamanna um ræktun framandi nytjaplantna* voru heimsótt 6 bú dagana 25/9 til 2/10. Búin eru að rækta doðru, vetrarrepju eða vetrarrepju til olúframleiðslu og sumarhveiti, vetrarhveiti og vetrarrúg til þroska. Samtals voru 122 hektarar á 34 ökrum skoðaðir. Þar af voru um 40 hektarar sem sáð var til síðsumars 2012 fyrir uppskeru 2013. Stærstur hluti akranna sem átti að skera haustið 2012 voru óskornir þegar búin voru heimsótt, alls 49 ha. Í meðfylgjandi töflu er samandregið yfirlit yfir ræktunina sem var uppskorin haustið 2012.

Tegund	Hektarar
Doðra	0,6
Sumarrepja	24,4
Vetrarrepja	16,4
Sumarhveiti	6,0
Vetrarhveiti	27,0
Vetrarrúgur	10,0
<i>Hektarar alls</i>	<i>84,4</i>

Úðun gegn skógarkerfli

Í samvinnu við Rannsóknarstöð Skógræktar á Mógilsá var gerð tilraun í Kaupangi í Eyjafjarðarsveit með að úða skógarkerfil með glyfosati (verslunarheiti: Clinic). Voru prófaðir mismunandi skammtar af lyfinu, mismunandi úðunartímar að vori og endurúðun síðsumars. Úðað var á skógarkerfilinn á 6 mismunandi tímum, frá 10. maí til 1. júlí með 10 daga millibili.

Styrkleikar voru þrír: A = Þynnt lausn (1:120); B = Normal lausn (1:100); C = Sterk lausn (1:80)


Lokamat verður lagt á árangurinn vorið 2013. Enn fremur voru reitir víðs vegar í Eyjafjarðarsveit og Hörgárbyggð metnir, en þeir höfðu verið úðaðir með glyfosati í eitt til fjögur ár.

Tilraun með mismunandi skjólsáningar

Í Keldudal í Skagafirði var gerð tilraun með mismunandi skjólsáningar með grasfræi á vel framræstri og moldríkri mýri. Tilgangurinn með skjólsáðinu er að fá góða uppskeru árið sem fjölæru grasfræi er sáð í tún. Meðferðarliðir voru eftirfarandi (+grasfræ):

Tegund	Yrki
1. Ekkert skjól (bara grasfræ)	
2. Sumarygresi	Swale
3. Sumarhveiti	Anniina
4. Hafrar til þroska	Cilla
5. Bygg til þroska	Kría
6. Bygg til þroska	Skúmur 100 kg/ha
7. Bygg til þroska	Skúmur 200 kg/ha
8. Bygg til þroska	Judit

Grasfræið var Birger vallarrýgresi og var sáðmagnið 30 kg/ha í öllum liðum. Skjólsáðinu var raðsáð annað hvort í aðra hverja sáðrás (um 24 sm raðbil) eða í hverja sáðrás (um 12 sm raðbil). Endurtekingar voru 2. Sáð var 7. júní og þá var borið á 600 kg/ha af tilbúnum áburði (Sprettur 20-10-10). Þann 15. júní var öll spildan vökvuð og 19. júní var hún völtuð. Úðað var með Harmony 28. júlí til þess að eyða tvíkímblaða illgresi. Reitir voru slegnir 27. ágúst. Uppskerureitir voru slegnir með Agria reitasláttuvél og voru að jafnaði um 5 m².



Vegna þurrka spíraði grasfræið mjög seint og gaf nánast enga uppskeru. Þurrkar drógu einnig verulega úr uppskeru skjólsáðsins.

Áhrif sáðmagns á uppskeru og vetrarþol olíujurta á Möðruvöllum

Sáð var 2011 en vegna þurrka var spírun léleg og ójöfn. Þann 7. maí 2012 var borið á tilraunina sem svarar 127 kg N/ha í 20-10-10. Þá var vetrarrepjan metin nánast aldaud (<10% þekja) en vetrarnepjan vel lifandi (65–80% þekja). Enginn skýr munur var á milli sáðmagnsliða. Þann 20. júní var kálið allt í blóma og vetrarnepjan farin að missa neðstu blómin. Tilraunin var ekki uppskerumæld.

Reynsla af ísáningum í kalin tún 2011

Vorið 2012 var gerð úttekt á árangri ísáningar í kalin tún vorið og sumarið 2011. Við ísáninguna var notuð norsk ísáningavél af gerðinni Futura frá árinu 1993 í eigu Lbhí. Úttektin var gerð af Guðmundi H. Gunnarssyni og Ingvari Björnssyni ráðunautum hjá Búgarði, ráðgjafabjónustu Norðausturlands, og fór hún fram 31. maí 2012. Metin voru 10 tún í Svarfaðardal, Skíðadal, Fnjóskadal og Hörgárdal. Átta túnanna voru 2–4 ára en tvö túnanna voru mun eldri.

Árangur ísáningar 2011, mat 31. maí 2012

Bær	Tún nr.	Aldur, ár ¹	Enginn	Lítill	Sæmilegur	Góður	Mjög góður
Hofsá, Svarfaðardal	26	3	x	x			
Hofsá, Svarfaðardal	10	gamalt			x		
Dæli, Skíðadal	21	3			x		
Dæli, Skíðadal	13	2					x
Hlíð, Skíðadal		2					x
Veisa, Fnjóskadal	8+9	2	x	x			
Veisa, Fnjóskadal	7	gamalt			x		
Dæli, Fnjóskadal	12	4				x	
Draflastaðir, Fnjóskadal		3				x	
Möðruvellir, Hörgárdal	9	2					x

¹ Ár frá síðustu endurræktun

Árangurinn var góður eða mjög góður í 5 túnanna, lítill sem enginn í tveimur og sæmilegur í þremur túnanna. Árangurinn í báðum eldri túnunum var sæmilegur. Full ástæða er til þess að halda áfram rannsóknum og prófunum á ísáningaraðferðum í kalið land.



Vel heppnuð ísáning Hlíð Skíðadal (31. maí 2012).



Misheppnuð ísáning frá 2011 í Dæli í Fnjóskadal. Kalblettir þaktir varparsveifgrasi (31. maí 2012).

Efnainnihald og nýting á hálbundnu taði

Meginmarkmið verkefnisins er að kortleggja nýtingu og efnainnihald í hálbundnu taði með það í huga að fá haldgóðan samanburð við aðrar gerðir búfjáraður. Alls voru tekin 34 hálmtaðssýni undan kindum, geldneytum, mjólkurkálfum og blönduðum bústofni á 14 bæjum á Norðausturlandi vorið og sumarið 2012. Verkefnið er hluti af BS námi við Lbhí. Tekin voru sýni bæði úr taðstíum og útihaugum sem höfðu brotið sig.



Múla II í Aðaldal

Áburðargildi moltu í túnrækt

Meginmarkmið verkefnisins er að meta verðmæti moltu fyrir túnrækt í samanburði við aðra áburðargjafa. Rannsóknaspurningar:

1. Hvert er áburðargildi moltu í tún samanborið við kúamykju?
2. Hver er áburðargildi moltu í tún í samanburði við tilbúinn áburð?
3. Hver er ávinningurinn af því að nota moltu í stað tilbúins áburðar í túnrækt?


Lagðar voru út 3 tilraunir á Möðruvöllum vorið 2012, á Tjarnarspildu (mói), í Akramýri og á Suðurengi. Tilraunaliðir eru í 3 endurtekningum í hverri tilraun, samtals 72 reitir.

1. Enginn áburður
2. 1/2 skammtur af moltu
3. 1/1 skammtur af moltu
4. 1/2 skammtur af mykju
5. 1/1 skammtur af mykju
6. 40 kg N/ha + staðaláburður
7. 80 kg N/ha + staðaláburður
8. 120 kg N/ha + staðaláburður

Allir reitir voru tvíslegnir og sýni tekin úr heyi, mykju, moltu og jarðvegi fyrir allar helstu efnagreiningar. Verkefnið er hluti af BS við Lbhí. Moltan var frá Molta ehf á Þverá í Eyjafirði, sérsigtuð fyrir þetta verkefni en uppstaðan í henni er trjákur.




Niðurstöður hafa verið birtar í BS ritgerð við Lbhí, sem er aðgengileg á Skemman.is, en einnig var birt samantekt í Bændablaðinu haustið 2012. Í verkefninu var mæld rúmþyngd votheys í stæðum og gryfjum og þess vegna er hægt að mæla s.k. hlutfallslegt holurými í heyinu sem er mikilvægur gæðafáttur í stæðuverkun. Of mikið holurými eykur hættu á hitamyndun eftir að stæður eru opnaðar til gjafar. Viðmiðið er að holurýmið fari ekki yfir 0,35–0,4 til að tryggja lágmarks hitamyndun. Einungis 22% stæðanna í þessari rannsókn voru við eða undir þessu viðmiði.



Samspil sáðmagns og áburðarmagns við strástyrk, kornþroska og uppskeru í byggi

Sagt var frá þessari tilraun í Riti Lbhí. nr. 41 Jarðræktarrannsóknir 2011 og nú hafa allar niðurstöður verið birtar í BS ritgerð við Lbhí, sem er aðgengileg á Skemman.is.



Áhrif af auknum styrk köfnunarefnisáburðar annars vegar (t.v.) og aukins sáðmagns hins vegar (t.h.) á legu (% lagst í reitum) í Judit (dökkgrænt) og Kría (ljósgrænt).

Áhrif jarðvinnsluaðferða á vöxt og uppskeru byggs

Markmiðið er að meta áhrif jarðvinnslu á vöxt og þroska byggs og er unnið sem MS verkefni við Lbhí. Það hófst haustið 2012 og lýkur væntanlega haustið 2014.

Tilraunirnar eru í Keldudal, Skagafirði og eru lagðar út sem blokkartilraunir á þremur tegundum jarðvegs. Notaðar verða fimm jarðvinnsluaðferðir á stórreitum og sáð verður í 9 reiti af byggi í 2 endurtekningum í hvern stórreit. Liðirnir eru þrenns konar sáðmagn og þrenns konar áburðarmagn. Reiknað er með að sá í tvö ár, 2013 og 2014.

Hitamælum var komið fyrir í hverri jarðvinnsluaðferð haustið 2012. Skráður er loft- og jarðvegshiti. Yfir sumarið verður jafnframt fylgst með vatnsinnihaldi jarðvegs, spírur, illgresi, þroska og legu. Við skurð verða uppskera og kornþroski ákvörðuð.